

**Ed.**

### **500. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótórvélum, rafmagnsvélum, rafmagnsáhöldum o. fl.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Aftan við 4. gr. bætist:

30% af verzlunarhagnaðinum greiðir ríkissjóður bæjar- og sýslusjóðum þannig: 10% renna til bæjarsjóðs þess kaupstaðar, sem einkasalan hefir aðal-  
aðsetur í, en 20% skiptast eftir mannfjölda milli bæjarsjóða annara kaupstaða og sýslusjóða.

Skatt þennan greiðir ríkissjóður bæjarsjóðum og sýslusjóðum 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs. Af einkasölum þeim, er settar verða á stofn samkvæmt lögum þessum, greiðist þá og eigi skattur samkv. 2. gr. laga nr. 47 4. júní 1934, um aukaútsvar ríkisstofnana.